



# FUNDARGERÐ

267. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði  
fimmtudaginn 12. september 2019 kl. 12:00

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Björg Björnsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri.

Jón Jónsson, lögmaður, sat fundinn undir lið 1.

## Dagskrá:

1. Starfsmannamál.
2. Gjaldskrárhækkun.
3. Yfirlit verkefna – staða og áætlun.
4. Til umræðu / ákvörðunar stjórnar:
  - a) Hitaveita
    - i) Úlfsstaðaskógur – nýjar lóðir – fyrirspurn fasteignasala.
  - b) Vatnsveita
    - i) Iðavallaveita – hagkvæmnimat í endurskoðun / yfirferð hjá Eflu
  - c) Fráveita
    - i) Tjarnarbraut – regnvatn hjá Íþróttahúsi
    - ii) Fráveituframkvæmdir og vsk – bíðum við?
  - d) Gagnaveita
    - i) Ráðgjafi – startfasi – staðan
    - ii) Austurljós
    - iii) Tækjakaup / verkfæri fyrir ljósleiðara
5. Átta mánaða uppgjör.
6. Samningur við landeigendur Egilsstaða I.
7. Önnur mál.
  - a. Persónuvernd
  - b. Lánasamningar – staða
  - c. 40 ára afmæli fyrstu tengingar hitaveitu HEF
  - d. Fundarstaður stjórnarfunda framvegis.

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.

## 1. Starfsmannamál.

Jón Jónsson, lögmaður, sat fundinn undir þessum lið.  
Fært í trúnaðarmálabók.

## 2. Gjaldskrárhækkun.

Stjórn HEF samþykkti gjaldskrárhækkun fyrir heitt og kalt vatn ásamt fráveitu á fundi sínum 6. desember 2018, miðað við byggingarvísitölu sem var 141,6, eða um 7%. Ákvörðun þessi skilaði sér ekki til ráðuneytisins til staðfestingar á tilsettum tíma og í millitíðinni var gengið frá lífskjarasamningum 2019-2022.

Fyrir fundinum lágu tölvupóstsamskipti við Hrein Hrafnkelsson hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem óskað er eftir að ráðherra staðfesti gjaldskrárhækkunina. Ráðuneytið óskar eftir því að stjórn HEF taki málið formlega til umfjöllunar og sendi ráðuneytinu bréf með niðurstöðu sinni.

*Niðurstaða:* Stjórn óskar eftir því að ráðherra staðfesti ákvörðun hennar frá 6. des. 2018 og felur framkvæmdastjóra að senda atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu bréf því til staðfestingar.

### **3. Yfirlit verkefna – staða og áætlun.**

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit verkefna, stöðu þeirra og áætlun.

### **4. Til umræðu /ákvörðunar stjórnar.**

#### a) Hitaveita

i) Úlfsstaðaskógur – nýjar lóðir – fyrirspurn fasteignasala.

*Í vinnslu.*

#### b) Vatnsveita

i) Iðavallaveita – hagkvæmnimat í endurskoðun / yfirferð hjá Eflu.

*Í vinnslu.*

#### c) Fráveita

i) Tjarnarbraut – regnvatn hjá íþróttahúsi

*Niðurstaða: Stjórn ákveður að farið skuli í þessar framkvæmdir á þessu ári.*

ii) Fráveituframkvæmdir og vsk – bíðum við?

*Niðurstaða: Stjórn ákveður að bíða með fyrstu framkvæmdir til ársins 2020 en undirbúningi verði haldið áfram á þessu ári.*

#### d) Gagnaveita

i) Ráðgjafi – startfasi – staðan.

*Í vinnslu.*

ii) Austurljós.

*Í vinnslu.*

iii) Tækjakaup / verkfæri fyrir ljósleiðara.

*Framkvæmdastjóra falið að leggja mat á fyrirliggjandi kostnaðaráætlun um lagningu ljósleiðara í dreifbýli Fljótsdalshéraðs.*

### **5. Átta mánaða uppgjör.**

*Framkvæmdastjóri ásamt starfsmanni HEF og KPMG munu funda í næstu viku um 8 mánaða uppgjórið.*

Gunnar Jónsson, formaður, yfirgaf fundinn.

Inn á fundinn kom Davíð Sigurðarson, varamaður.

Ágústa Björnsdóttir, varaformaður, tók við stjórn fundarins.

### **6. Samningur við landeigendur Egilsstaða I.**

Fyrir fundinum liggja eftirtalin gögn:

a) Kaupsamningur dags. 11. sept. 2019 milli Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. sem kaupanda og Egilsstaða I ehf. sem seljanda um kaup HEF á 0,5 hekturum úr óskiptu landi jarðarinnar Egilsstaða I, landnúmer 157580. HEF hyggst reisa hreinsivirki fráveitu á landspildunni.

b) Kort (loftmynd) frá Verkfræðistofunni Eflu dags. 23.7.2019 sem sýnir hið afmarkaða land.

c) Yfirlýsing dags. 11. sept. 2019 þar sem þinglýstir eigendur jarðarinnar Egilsstaða I staðfesta að HEF er heimilt að leggja veitulagnir, svokallaða útrás, auk vegslóðar samsíða veitulögninni í landi Egilsstaða I. Réttur vegna veitulagna og vegslóðar er

ótímabundinn. Meðfylgjandi veitulögnum er HEF heimilt að leggja ljósleiðara og ídráttarrör.

- d) Samkomulag um greiðslu vegna lagningar veitulagna. HEF greiðir þinglýstum eigendum jarðarinnar Egilsstaðir I eingreiðslu fyrir ótímabundinn afnotarétt af landinu vegna veitulagna og vegslóðar vegna þessa. Lagnaleiðin er 1.325 metrar.
- e) Yfirlýsing um landskipti – stofnun lóðar.  
Egilsstaðir I ehf. eigandi jarðarinnar Egilsstaðir I, stofnar landspildu/lóð úr landi jarðarinnar. Lóðin fær heitið Egilsstaðir I, Hreinsistöð. Lóðin er stofnuð vegna fyrirhugaðrar byggingar hreinsistöðvar fráveitu á vegum HEF.

*Niðurstaða: Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi kaupsamning og önnur fylgiskjöl honum tengdum.*

Davíð Sigurðarson yfirgaf fundinn.

Gunnar Jónsson, formaður, kom aftur inn á fundinn og tók við fundarstjórn.

## **7. Önnur mál.**

### **a. Persónuvernd**

Aron Thorarensen, persónuverndarfulltrúi Fljótshéraðs, sendi fyrirspurn til HEF þess efnis hvort stjórn HEF myndi vilja að þær persónuverndarreglur sem samþykktar hafa verið fyrir Fljótshérað yrðu aðlagðar að Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

*Niðurstaða: Stjórn ákveður að þiggja það og felur framkvæmdastjóra að svara Aroni.*

### **b. Lánasamningar – staða**

*Gengið hefur verið frá endurskoðun 2ja lánasamninga við Íslandsbanka og voru þeir lagðir fram á fundinum. Varaformanni og framkvæmdastjóra falið að skoða stöðu annarra lána HEF.*

### **c. 40 ára afmæli, fyrstu tengingar hitaveitu HEF**

*Í vinnslu hjá framkvæmdastjóra og stjórn.*

### **d. Fundarstaður stjórnarfunda framvegis.**

*Stjórn ákveður að framvegis verði reglulegir fundir haldnir kl. 15:00 og fundarstaður verði í fundarsal HEF að Einhleypingi 1.*

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá og er áætlaður fimmtudaginn 3. október kl. 15:00 í fundarsal HEF.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 15:40.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.